

Fundargerð stjórnar BÍS

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 34/2017
Fundarritari: Sigríður Ágústsdóttir	
Mættir: Anna G Sverrisdóttir formaður fjármálaráðs Björk Norðdahl formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir formaður dagskráráðs Kristinn Ólafsson framkvæmdastjóri BÍS Marta Magnúsdóttir skátahöfðingi Sigríður Ágústsdóttir skrifstofustjóri BÍS	Fundarstaður: Skátamiðstöðin Hraunbæ 123 Dags: 21. nóv. 2017 Frá kl. 19:30 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Berglind Lilja Björnsdóttir formaður ungmennaráðs Jón Þór Gunnarsson formaður alþjóðaráðs Liljar Már Þorbjörnsson fulltrúi alþjóðaráðs Jakob Guðnason formaður upplýsingaráðs	
Gestir: Hrönn Pétursdóttir og Jón Ingvar Bragason undir lið 4: Endurmat WSM17	

Krækja á fundinn: → [Join Skype Meeting](#)

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Fylgiskjöl í möppu	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.		MM
1	2	Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.	3.2	SÁ
	3	Yfirlit stjórnarmanna Anna: Úlfljótsvatnsráð fundaði í gær og nýr staðarhaldari hefur verið ráðinn, Jakob Guðnason, sem kemur til starfa 1. febrúar 2018. Arnór Bjarki Svarfdal verður starfandi til 1.des. Engir viðburðir eru á dagskrá fram að vetrarskátamóti í lok janúar 2018. Björk: 4. skref Gilwell sl. laugardag. Gilwell skólinn ætlar að senda póst á alla sem voru sjálfboðaliðar á WSM17 og kynna og bjóða þeim á Gilwell sem ekki hafa farið. Dagmar: Bíða eftir svörum með skátastarf á fleiri stöðum. Fer vel af stað og vinnuhópur hefur verið stofnaður.		Allir

		<p>Harpa: Áhugi meðal dagskrármeðlima að taka til hendinni á dagskrárvefnum og vinna hann betur upp. Áhugi og undirbúningur er fyrir að vinna verkefnabók hliðstæða forsetamerkisbókinni fyrir hin aldursbilin. Mikil umræða hefur verið um dagskrárhreinginginn og hvernig hann er unninn í félögunum. Þarf að skoða í víðu samhengi og skýra línur.</p> <p>Marta: Fór á áhugaverða ráðstefnu sem heitir Íslenskar æskulýðsrannsóknir — Heilsuefling og frítími um hvernig ungt fólk í dag ver frítíma sínum. Vinnufundur stjórnar og ráða sl. laugardag tókst mjög vel og mikill hugur í fólki að vinna að eflingu skátastarfs.</p> <p>Skátamiðstöðin: KÓ sótti framkvæmdastjórafund skátasambanda á Norðurlöndunum sem var haldinn í Osló fyrir rí mánuðinum. Gegnumgangandi eru félögin að vinna að sömu hlutum og standa frammi fyrir sömu áskorunum. Skipulag kosninga hjá BÍS er með eindæmum á Norðurlöndunum þ.e. að kosið sé í öll þessi ráð auk kosninga í stjórn. Hin bandalögin kjósa stjórn og vinna svo með verkefna- og vinnuhópum sem er skilvirkara.</p> <p>Vinna við fjárhagsáætlun er í gangi. Verið er að undirbúa fund með mnrn þar sem lögð verður fram greinargerð um framkvæmd og stöðu helstu verkefna sem tilgreind eru í samningum við ráðuneytið og yfirlit um fjárhagstöðu BÍS.</p> <p>Mannvit skoðar loftgæði í Hraunbæ 123. Grænir skátar: þurftu að kaupa nýjan/notaðan bíl því hinn dósabíllinn bilaði. GS eru í góðu samstarfi við Sorpu, eru í samstarfi við VR um að fá fræðslustjóra að láni og það verða námskeið og uppbygging fyrir starfsfólk GS. Það er komið tilboð í Tindasel. Athuga í framhaldinu kaup á öðru húsnæði.</p>		
	4	<p>Endurmat WSM17: Hrönn Pétursdóttir og Jón Ingvar Bragason fóru yfir endurmat á WSM17. Mótið tókst með eindæmum vel og skilar góðu orðspori skátanna og fjármagni í bættri aðstöðu og aðbúnaði víða. Einnig varð hagnaður af mótinu – en ekki ljóst ennþá hve mikill því uppgjör og frágangur er enn á fullu.</p>		HP/JIB

	5	<p>Fjármál</p> <p>Fjárhagsáætlun 2018. Farið yfir almennar forsendur og rætt um að fjárhagsáætlun þurfi að endurspeglar stefnumótun stjórnar um gæði og fjölgun í skátastarfi. Ákveðið að funda aftur sérstaklega um fjárhagsáætlun 2018.</p> <p>Fjárhagsáætlun WSJ2019. Stjórn ræddi og samykkti fjárhagsáætlun WSJ2019.</p>		AGS/KÓ
	6	<p>Meginmál 1</p> <p>Starfsáætlun ráða og nefnda 2018. Niðurstaða vinnufundar stjórnar og ráða sl. laugardag voru þær að hugsjón skal verða höfð að leiðarljósi í öllu skátastarfi. Þátttakendur á vinnufundinum telja að fjölgun í skátastarfi verði að veruleika þegar einblínt sé á gæði umfram magn. Draga ætti fram og tala um fleiri markmið úr stefnu BÍS en eingöngu fjöldamarkmið. Stuðningsefni og þjónusta ætti að beinast sérstaklega að sveitarforingjum. Þjálfun sveitarforingjanna og að það þyrfti að efla hana var rauður þráður í umræðunni. Stuðningsefni – mikill áhugi að bæta efni og aðgengi að efni á vefnum. Félagabrennan var kynnt og almennur áhugi fyrir því að innleiða þetta. Mikill og góður andi og hugur í þátttakendum í að efla og bæta skátastarf.</p>		MM
	7	<p>Meginmál 2</p> <p>Félagabrennan – nálgun. Björk kynnti nánar verklag Finna um að deila verkum stjórnar félaga á þrjár herðar: Félagforingi, dagskrárstjóri, mannauðsstjóri. Talað um næstu skref og kynningar og stofna vinnuhóp sem undirbýr útfærslu. Etv. fá eitthvað félag til að prófa þetta eftir áramót og kynna reynsluna á skátapiingi 2018. Rætt um að hafa vinnusmiðju um verkefnið.</p>		MM
30	8	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> Næsti stjórnarfundur verður þriðjudaginn 28. nóv. kl. 18-21 í Borgartúni. Vinna að heildarmynd á stefnu og áherslu stjórnar fyrir starf næsta árs. SPIRITECO - samtök um spirituality in scouting. Jón Grétar Sigurjónsson óskar eftir að fá umboð stjórnar BÍS 		

	<p>til að sitja í þessum samtökum fyrir hönd Íslands. Biðja um nánari upplýsingar frá JGS og ákvörðun frestað.</p> <p>3. Aldursbilamót. Voru kynnt á síðasta fundi. Þarf að vinna fjárhagsáætlun og hefja undirbúning að mótunum.</p> <p>4. Academy – ekki tekið fyrir.</p> <p>Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.</p>	
--	---	--

Úr viðburðadagatali BÍS:

13. nóv	Endurfundir
18.	Gilwell 4. skref
18.	Hvolpasveitin - vinnufundur stjórnar og ráða
5. des	Dagur sjálfboðaliðans (Skátahöfðingi sendir kveðju)
11	Jólaendurfundir skáta
21	Kakókvöld
27. - 29.	Á norðurslóð
Dags	Heiti viðburðar
13. jan	Gilwell leiðtogaþjálfun 1. skref
jan 19	Tækifæri í alþjóðastarfi
23	Foringjaspjall sveitarforingja
20.-21	Gilwell leiðtogaþjálfun 5. skref
26	Opinn fundur hjá Ungmennaráði
26.-28.jan	Vetrarmót Reykjavíkurskáta
2.-4. feb	Ungmennaping
3	Félagsforingjafundur
3.-4.	Gilwell - 1+2 á Akureyri
	Skátapepp Leiðtogaþjálfun
	Vetraráskorun Crean
17	Gilwell leiðtogaþjálfun 2. skref
22.	22. febrúar
febrúar	Styrktarpinni skáta (Torfi og Salka)
1. mars	12 tíma ljósmyndaáskorun rekka- og róverskáta
4	Drekaskátadagur
10.-12.	IC Network Meeting
17-19	Leiðtoganámskeið - Skátapepp
6.-7. apríl	Skátaping